

Fundargerð 22. fundar í flugvirkarráði

22. fundur flugvirkarráðs haldinn í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhóls götu 7 / Sölvhólsvör, þriðjudaginn 29. janúar 2019 kl. 13:00 – 15:00.

Viðstaddir: Friðfinnur Skaftason (FS), Halla Sigrún Sigurðardóttir (HSS), Ólafur Helgi Kjartansson (ÓHK), Hildur Reykdal (HR), Björn Óli Hauksson (BÓH), Þorvaldur H. Þórðarson (ÞÞ), Kári Gunnlaugsson (KG) Þórólfur Guðnason (ÞG), Þorvarður K. Ólafsson (ÞKÓ) og Ómar Sveinsson (ÓS) sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir,

Gestir: Valgerður B. Eggertsdóttir (VBE), lögfræðingur samgönguráðuneytis í flugmálum; Anna Margrét Björnsdóttir (AMB).

1. Dagskrá.
2. Fundargerð síðasta fundar.
3. Isavia – fréttir (BÓH).
4. Staða verkefna og fréttir af ECAC og ICAO samstarfi (HSS).
5. Flugvirkaráætlun 2019.
6. Önnur mál.
7. Næsti fundur.

1. Dagskrá

2. Fundargerð síðasta fundar samþykkt með breytingum

3. BÓH kynnti helstu atriði farþegaspár Isavia:

- Ekki er gert ráð fyrir breytingu á flugi erlendra flugrekenda til Keflavíkur í sumari o.þ.a.l. ekki aukningu ferðamanna með þeim.
- Búið er við fækkun farþega á tímabilinu apríl-maí og september-október en aukningu yfir sumartímenn.
- Komið hefur í ljós að kannanir á fjölda tengifarþega eru ekki nógu nákvæmar og leitað verður nýrra leiða með þær.
- Í frammistöðukönnun (ASQ=Airport Service Quality) sem gerð er á flugvöllum um allan heim kom Keflavíkurflugvöllur vel út og stefnt að því að þau atriði sem ekki komu vel út verði bætt.
- Þegar litið sé til framtíðar þá sé spurning með þróun hjá WOW air en Icelandair gerir ráð fyrir aukningu hjá sér.
- Áhrif af fækkun farþega komi til með að minnka álag hjá lögreglu en minni breyting verði hjá tollinum.

4. HSS kynnti fréttir af frá ECAC og ICAO.

Samgöngustofa ásamt Landlækni hafi haft kynningu fyrir fulltrúa Isavia og SGS frá vinnustofu ECAC um heilbrigðismálefni og viðbragðsáætlanir, þar m.a. kom fram að mögulega yrðu haldnar æfingar næsta vetur á sóttvarnaráætlun.

EUROCONTROL mun halda samskiptaæfingu í febrúar þar sem æfð verða viðbrögð við heimsfaraldri. Isavia mun fylgjast með æfingunni en tekur ekki þátt.

Minnst var á vinnustofu á vegum ECAC um gjaldtöku vegna PRM þjónustu sem haldin verður í Brussel í febrúar.

5. Farið var yfir flugvirkjaráætlun 2019, atriði sem voru rædd voru:

- Föst aðkoma annarra aðila að ráðinu s.s. flugrekanda, eða hvort betra sé að koma samstarfi við flugrekendur á fast form t.d. með undirnefnd flugvirkjarráðs á Keflavíkurlugvelli. Ákveðið var að FS, BÓH og HSS kæmu með tillögu.
- Skipaðir verði minni starfshópar til að fara yfir hvernig/hvort kröfur í viðbótum (amendments) 24, 25 og 26 við viðauka 9 séu uppfylltar. Boðað verði til fundar seinna í febrúar.
- BÓH ræddi um flugvirkt í neyðartilfellum, vinna sé í gangi en óvissa er með notkun á skýli 885 sem átti að nota í neyðartilfellum vegna öryggiskrafna. Einnig eigi að koma upp stjórnstöð/miðstöð (airport control center) sem staðsett verði utan flugstöðvarinnar í neyðartilfellum ef rýma þarf flugstöðina. Isavia mun fara yfir þetta verkefni og sundurliða skv. orðalagi í áætlun.

Sjá nánar flugvirkjaráætlun 2019 sem FS sendir út eftir fundinn.

6 Önnur mál:

a) Loftferðasamningar: VBE kynnti að samningur hafi náðst við Japan (MOC- Memorandum of Cooperation) sem er mjög jákvætt skref og opnar fyrir beint áætlunarflug milli landanna sem og codeshare milli flugrekanda frá löndunum. Á fundinum sem var í Japan áttu íslenskir flugrekendur einnig mjög góðan fund með japönskum kollegum sínum.

b) ÞKÓ kynnt ný vegabréf sem tekin verða í notkun í byrjun febrúar, í þeim er aukið öryggi og nýtt útlit.

c) Almenn umræða var um Brexit. Aukaálag gæti skapast við landamærastöðvar.

Næsti fundur verður 30. apríl n.k. Minnt er þó á fundi í minni vinnuhópum skv. flugvirkjaráætlun 2019.